

Gullna hringborðið

Fundur á Hakinu Þingvöllum, miðvikudaginn 23. nóvember 2022 kl. 14.00-16:00.
„Hvernig ætlum við saman að takast á við fyrirsjáanlega fjölgun ferðamanna á Gullna hringnum á næstu árum“

Fundarmenn: Einar Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður Þingvöllum, Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar, Valdimar Kristjánsson UST, Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri Bláskógabyggðar, Eyrún Jenný Bjarnadóttir RMF, María Reynisdóttir MVF, Inga Dóra Hrólfsdóttir UST, Einar Pálsson Vegagerð, Hafdís Huld Björnsdóttir RATA, Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita, Svanur G. Bjarnason Vegagerð, Hildur Kristjánsdóttir MVF, Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi UTU, Katrín Karlsdóttir UST, Jón Bjarnason oddviti Hrunamannahrepps, Ása Valdís Árnadóttir oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps, Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri Hrunamannahrepps, Vilhjálmur Árnason formaður Þingvallanefndar.

Dagskrá

Einar Á. E. Sæmundsen opnaði fundinn og bauð gesti velkomna til Þingvalla.

Fundarstjóri Hafdís Huld Björnsdóttir.

Fundarmenn leiði hugann að áskorunum og lausnum.

Erindi

- 1. Áfangastaðastjórnun á Gullna hringnum í ljósi fjölgunar ferðamanna**
Hildur Kristjánsdóttir og María Reynisdóttir sérfræðingar hjá Menningar og viðskiptaráðuneyti. Vörðuverkefni og álagsstýringarverkefni sem leiddu að Gullna hringborðinu.
- 2. Staðan og staðreyndir á Geysissvæðinu og við Gullfoss**
Inga Dóra Hrólfsdóttir sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun.
Stjórnuna-og verndaráætlanir við Gullfoss og Geysi. Hönnunarsamkeppni, forhönnun og frh. lokið 2025. Gott samstarf við landeigendur og vegagerð.
- 3. Staðan og staðreyndir í Þingvallapjóðgarði**
Einar Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður á Þingvöllum. Áætlanir stefnumótun og skipulag. Deiliskipulag verk í vinnslu. Spár um fjölgun ferðamanna til 2030 og fjölgun skemmtiferðaskipa.
- 4. Þjónusta og viðhald á Gullna hringnum og framkvæmdir á samgönguáætlun**
Vegagerðin, Svanur G. Bjarnason svæðisstjóri suðursvæðis og Einar Pálsson forstöðumaður þjónustusviðs.
Þjónustuflokkar mismunandi stig, áskoranir, vetrarþjónusta, lokanir. Nýr upplýsingavefur vegagerðarinnar. Samgönguáætlun 2020-2034.
- 5. Áskoranir sveitarfélaga á Gullna hringnum**
Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar. Skipulag og stærra samhengið. Álag á vegi, viðhald, fjárskortur. Húsnæði, starfsfólk, aðbúnaður, aðlögun erlends vinnuaflds að samfélaginu. Innviðir, fráveita, sorp, skólar, löggæsla, heilsugæsla, sjúkraflutningar.

6. **Kaffihlé.** Þematengdar veitingar, gylltir kleinuhringir og gullhringskaka.

7. **Viðhorf gesta á Gullna hringnum**

Rannsóknamiðstöð ferðamála, Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur.

Vöktun á upplifun gesta á Gullfoss, Geysi og Þingvöllum

Viðhorfskönnun í tengslum við Vörðuverkefni. Gestir bísna ánægðir þegar á heildina er litið.

8. **Samtal Gullna hringborðsins.**

Áskoranir, hugmyndir að lausnum, sameiginleg sýn og samantekt.

Áskoranir. Fundarmenn hugleiddu fyrst helstu áskoranir út frá mismunandi sjónarhornum. Fjöldinn, framtíðin, skemmtiferðaskipin, áyrgð, innviðir ekki tilbúnir fyrir þann fjölda sem spáð er. Stóra áskorunin eru vegirnir og samgöngur. Fjölfarnasta ferðamannaleið á landinu. Viljum ekki vísa frá, viljum taka vel á móti. Álagsstýringar. Horfurnar ógnvekjandi, kostnaður við innviðauppbýggingu, við greiðum en ekki þeir sem nýta og utanaðkomandi njóta gróða. Hvaða virði er í skemmtiferðaskipunum?

Fjöldinn er áskorunin. Fjármögnun, landverðir of fáir við Gullfoss og Geysi. Vantar innviði t.d. húsnæði. Erum á eftir erum að redda t.d. varðandi skipulagsmál. Tveir pólar, einkaaðilar innan sveitar og utanaðkomandi. Slot eru ekki einfalt mál flókið ferli, einkabílar einfaldari að stjórna en rúturnar. Ákvarðanatoka, framkvæmdir og skipulag tekur of langan tíma, ríki/sveitarfélög/einkaaðilar.

Lausnir: Rætt var um hugsanlegar lausnir. Örva grasrótina í sveitinni, mörg tækifæri, fleiri stoppistaði, afþreyingu, mismunandi hringir, dagsferð /tveggja daga, hvetja til í slow tourism, hvetja samfélagið áfram. Svæðisskipulag gullna hringsins, hraða ákvarðanatöku ekki bíða, gjaldtaka, gistináttgjaldið til sveitarfélaganna. Upplifun þetta snýst allt um það, það getur horfið. Skyndihagnaður getur eyðilagt upplifunina í heild. Mikilvægustu innviðir eru vegir. Gefa þarf perlunum rými, skipulag, hvað á að vera hvar, merkingar o.s.frv. Allt sem rætt hefur verið hér snýst um skipulagsmál. Ekki má gleyma félagslegum áhrifum ferðaþjónustunnar. Taka samtalið við ferðaþjónustuaðilana, skemmtiferðaskipin o.s.frv. Slagkraftur í samvinnu hagaðila.

Næstu skref. Halda vel á spöðunum, halda áfram, setja upp tímaplan. Togstreita milli svæða, erum vaxtarsvæði þurfum fjármagn. Senda sameiginlegt plagg til stjórnvalda. Funda aftur í byrjun árs 2023 og stækka svo hringinn, kalla fleiri að Gullna hringborðinu og þróa það. Sami vinnuhópur taki þetta áfram næstu skref.

Ritari

Ásborg Arnþórsdóttir

